

Jafnréttisáætlun Menntaskólans á Egilsstöðum

Menntaskólinn á Egilsstöðum setur sér eftirfarandi jafnréttisstefnu sem byggð er á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008.

Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að karlar og konur njóti jafnréttis í skólanum bæði nemendur og starfsfólk og að allir fái notið sín. Ennfremur er markmið jafnréttisstefnunnar að stuðla að því að samþætting kynjasjónarmiða verði ráðandi við ákvarðanatöku, stefnumótun og í allri starfssemi skólans.

Starfsfólk og nemendur

- Ráðningar. Hafa skal bæði kynin í huga þegar störf eru auglýst og leitast við að halda hlutfalli kynjanna jöfnu, eins og hægt er. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá skólanum.
- Starfsaðstæður og kjör: Starfsaðstæður skulu taka mið af kynjasjónarmiðum og gera starfsmönnum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf t.d. með sveigjanlegum vinnutíma. Ekki skal líta á það sem mismunun að taka tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar. Konur og karlar skulu njóta sambærilegra launa og eiga jafna möguleika á launuðum aukastörfum innan skólans. Í stofnanahluta kjarasamninga skal sérstaklega gæta þess að kynferði hafi ekki áhrif á röðun starfa til launa.
- Starfsandi og líðan starfsmanna: Reglulega skal gera könnun meðal starfsfólks til að kanna líðan í starfi m.t.t. kjara, vinnuálags, aðbúnaðar í starfi og samskipta innan strafsmanna hópsins. Allir starfsmenn og nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi.
- Endurmenntun og/eða starfsþjálfun: Starfsfólk skal njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni.

Starfssemi

- Nefndir og ráð. Við skipan í nefndir og ráð skal gæta þess að kynjahlutfall sé sem jafnast.
 - Innan skólans skal starfa jafnréttisnefnd sem hefur það hlutverk að fylgja eftir umbótaáætlun í jafnréttismálum sem skal endurskoðuð í upphafi hvers skólaárs. Jafnréttisfulltrúi skal leiða það starf. Kjósa skal í jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa til tveggja ára í senn.
 - Jafnréttisfulltrúi skal tilnefndur úr röðum starfsfólks og með honum skal starfa jafnréttisnefnd sem í eru 3 einstaklingar. Á skólafundi skal kjósa í jafnréttisnefnd og jafnframt er jafnréttisfulltrúi kosinn.
- Kennsla.
 - Gæta skal að samþættingu kynjasjónarmiða í kennslu og stuðla að sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja.
 - Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál og bent á leiðir til að koma auga á og vinna gegn hvers konar misrétti.
 - Velja skal fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennslufni sem þar sem þess er gætt að vitna í heimildir sérfræðinga af báðum kynjum eftir því sem tók eru á.
 - Haft sé í huga að áhugamál kynjanna eru oft ólík og að í ákveðnum greinum gengur öðru kyninu betur en hinu. Hvetja skal nemendur til að kanna námsleiðir og hlutverk sem ekki eru „dæmigerð“ fyrir stráka eða stelpur og draga menningarbundin kynhlutverk í efa m.a. með náms- og starfsráðgjöf sem allir nemendur skólans skulu eiga aðgang að.
 - Kennarar séu fyrirmyndir og stuðli að jafnrétti í orði og verki.

Fræðsla um jafnréttismál

- a. Öflun og miðlun upplýsinga. Kyngreindar upplýsingar sem varða starfsemi skólans skulu vera aðgengilegar og talnaefni sem varðar stöðu kynjanna safnað reglulega.
- b. Námskeið. Halda skal fræðslufundi/námskeið fyrir starfsfólk sem snerta jafnréttismál ár hvert.
- c. Ágreiningur. Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið í skólanum skal hann leita til jafnréttisfulltrúa.

Endurskoðun jafnréttisáætlunar

Jafnréttisáætlun Menntaskólans á Egilsstöðum skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum við Menntaskólann á Egilsstöðum 2011-2014

1. Kannanir og öflun upplýsinga skólaárið 2011-2012:

Skoða þarf kynjahlutfall nemenda í ME í heild og eftir brautum. Ef í ljós kemur að kynjahlutföllin eru ójöfn í heild eða eftir brautum þarf að meta hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða.

Skoða þarf einkunnir og brottfall eftir kynjum. Ef í ljós kemur að hallar á annað kynið hvað varðar einkunnir eða brottfall skal athuga hvort hægt sé að grípa til aðgerða s.s. varðandi kennsluhætti, kennsluefni eða auka tímabundið stuðning við nemendur.

Skoða þarf hvort námsefni sé þannig að það sýni mismunandi sjónarhorn og vitnað sé til sérfræðinga af báðum kynjum þar sem hægt er.

Kanna þarf hlut kynjanna í tólmundastarfi s.s. nemendaráði og öðrum klúbbum og félögum sem tengjast félagsstarfi nemenda í skólanum. Sérstaklega þarf að fylgjast með útgáfu Pésans og aðstoða nemendur sem koma að útgáfunni við að setja upp jafnréttisglæraugun.

Kanna samsetningu þeirra hópa sem taka þátt í ferðalögum, fræðslufundum og samstarfsverkefnum á vegum skólans m.t.t. til jafnra tækifæra.

2. Úrbótaáætlanir unnar á haustönn 2012 og settar af stað í upphafi ársins 2013.

3. Kannanir og stöðumat vegna úrbótaáætlana við lok vorannar 2014. Jafnréttisáætlun endurskoðuð.